

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2013

2013/EES/31/05

frá 1. febrúar 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 451/2012 frá 29. maí 2012 um töku tiltekinna fæðuaukefna í virka hópnun vottfæðuaukefni af markaði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 610/2012 frá 9. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi fyrir hníslalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fæður sem ekki er ætlast til að þau berist í ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012 frá 17. september 2012 um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fæðuaukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fæðuaukefni fyrir alifugla, fráfarugrísí, eldissvín og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 838/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir þvagefni sem fæðuaukefni fyrir öll jörturdýr ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fæður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fæður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 8) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0610**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 610/2012 frá 9. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 52. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/25/ESB):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 7.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 9.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 11.

- „53. **32012 R 0451**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 451/2012 frá 29. maí 2012 um töku tiltekinna fæðuraukefna í virka hópnum votfæðursaukefni af markaði (Stjtið. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 55).
54. **32012 R 0832**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012 frá 17. september 2012 um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fæðuraukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) (Stjtið. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 27).
55. **32012 R 0837**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fæðuraukefni fyrir alifugla, fráferugrísí, eldisvín og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 7).
56. **32012 R 0838**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 838/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) sem fæðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 9).
57. **32012 R 0839**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir þvagefni sem fæðuraukefni fyrir öll jörturdýr (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 11).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 0610**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 610/2012 frá 9. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 451/2012, (ESB) nr. 610/2012, (ESB) nr. 832/2012, (ESB) nr. 837/2012, (ESB) nr. 838/2012 og (ESB) nr. 839/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.